

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurþing - Laugardal Laugardalur, Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	11.9.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Norðurþing - Laugardal	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Ketilsbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	640169-5599	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Smári Jónas Lúðvíksson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	574545,649 617913,682

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar skil á skráningum. Engin ábending var gerð í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og skiladaga skv. því.

Skv. rekstraraðila hafa 124,7 tonn verið urðuð á urðunarstaðnum í Laugardal árið 2017 en heimilt er skv. starfsleyfi að urða allt að 700 tonn árlega á staðnum.

Starfsmenn áhaldahúss bæjarins sjá um svæðið og eru þeir einu notendurnir ásamt Íslenska Gámafélaginu. Reiknað er með að magn úrgangs inn á svæðið aukist verulega vegna losunar kísilmálmverksmiðjunnar PCC á Bakka. Að öllum líkindum mun þaðan falla mest til af kerbrotum og kísilryki en enn er óvíst hversu mikið magn það verður. Engin jarðgerð er á staðnum og fer allur garðaúrgangur í jarðvegstípp í bæjarlandinu og er það gert með vitund Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Minnt er á að einungis er heimilt að taka á móti þeim úrgangi er kveðið er á um í gr. 1.2 í starfsleyfi.

Aðgangur að urðunarstaðnum er takmarkaður og einungis bæjarverkstjóri og umsjónarmaður svæðisins hafa aðgang að hliðinu.

Umhverfismarkmið fyrir urðunarstaðinn í Laugardal hafa verið unnin og samþykkt af Umhverfisstofnun. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda hefur einnig verið unnin og samþykkt af stofnuninni.

Skráningum skv. gr. 5.4 og gr 5.1 var skilað með tölvupósti þann 6. sept. sl. og eru fullnægjandi. Hins vegar vantar enn skráningar vegna ársins 2016. Þær skráningar eru ekki til, eða finnast ekki. Verið er að vinna að úrlausn þessa máls í samvinnu við stofnunina.

Ekki var að sjá fok á svæðinu en þegar við hefur átt hefur rusl verið tínt upp í nágrenni urðunarreinarinnar. Ekki var að sjá ummerki um meindýr á svæðinu og ekki var mikið um fugl. Urðunarreinin er lítil og í henni mátti sjá gler, steypubrot og annan óvirkan úrgang. Steypujárn stóðu upp úr og var bent á að gæta að slyshættu varðandi þau. Einnig er minnt á að hreinsa þarf allan úrgang sem ekki er heimild fyrir í starfsleyfi og koma til viðeigandi förgunar. Engin spilliefni hafa komið inn á svæðið að sögn rekstraraðila.

Mælingar ársins hafa farið fram og voru framkvæmdar af Eflu líkt og síðustu ár. Gildi olíu/fitu í grunnvatni var fremur hátt, eða 30,9 mg/L en viðmiðunarmörk eru 15 mg/L.

Frávik frá

Gr. 5.4 og 5.1 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Skv. gr. 5.4 í starfsleyfi skal rekstraraðili skila niðurstöðum skráninga fyrir 1. maí ár hvert fyrir undan gengið almanaksár. Rekstraraðili skilaði inn fullnægjandi uppl. fyrir árið 2017 með

tölvupósti þann 6. sept sl. Enn eru útistandandi skráningar fyrir árið 2016.

ATHUGASEMDIR

Engin ábending var gerð í eftirlitinu.


ANNAÐ

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila né eftirlitsaðila vegna svæðisins frá síðasta eftirliti og enginn mengunarslys eða óhöpp hafa verið skráð.□

Reykjavík, 04.10.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir